

Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Tilnefning dómara–

Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:

Gr. 19.2:

Greinin hljóðar svo:

“KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- keppni U23 ára liða karla,
- A og B deild 2. flokks karla,
- bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.”

Greinin hljóði svo:

“KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- keppni U23 ára liða karla,
- A og B deild 2. flokks karla og kvenna,
- bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.”

Gr. 19.3:

Greinin hljóðar svo:

“Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla]
- bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum],
- keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- keppni U23 ára liða karla,
- Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
- keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.”

Greinin hljóði svo:

“Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla og kvenna]

b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],

c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

a. keppni U23 ára liða karla,

b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,

c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),

d. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.”

19.7:

Greinin hljóðar svo:

“Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.”

Greinin hljóði svo:

“Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild og 1. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.”

Greinargerð:

Ekki verður séð að rök séu fyrir þeirri mismunun sem er á milli karla og kvenna skv. núgildandi ákvæðum.

Stjarnan